



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 132/1480
komudagur 28.3.2006

22. mars 2006

Alþingi, Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Pskj. 319 – 298. mál.

Tillaga til þingsályktunar um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur fengið til umsagnar ofangreinda tillögu og lýsir yfir stuðningi við málefnið. Loftslagsbreytingar geta haft mikil áhrif á vistkerfi Íslands, bæði á sjó og á landi, og þar með lífskjör landsmanna í framtíðinni. Landbúnaðarháskólinn hefur tekið þátt í margvíslegum alþjóðlegum rannsóknum er tengjast loftslagsbreytingum, flæði gróðurhúsalofttegunda, áhrif loftslagsbreytinga á gróðurfar, sem og á kolefnisbindingu til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilsvert er að auka margvíslegar rannsóknir af þessu tagi, ekki síst á því svæði sem markað er í tillögunni og í samvinnu við Færeyjar og Grænland.

Virðingarfyllst;
f.h. Lbhí

Ólafur Arnalds
Deildarforseti umhverfisdeildar

afrit:
Ágúst Sigurðsson, rektor